



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Íris Stefánsdóttir
Fjallabyggð

Akureyri, 23. september 2024
MÍ202409-0029/ 6.06 / S.G.

Skipulagslýsing vegna nýs kirkjugarðs við Brimnes

Óskað var umsagnar Minjastofnunar Íslands í gegnum Skipulagsgáttina vegna sameiginlegrar lýsingar fyrir aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag fyrir nýjan kirkjugarð við Brimnes í Ólafsfirði. Hægt var að hlaða niður skipulagslýsingu, dagsettri 19. ágúst 2024.

Við Brimnes verður skipulagt svæði fyrir framtíðar grafreit Ólafsfirðinga. Núgildandi aðalskipulag Fjallabyggðar (2022-2032) gerir ekki ráð fyrir nýjum kirkjugarði í Ólafsfirði og því þarf að vinna lögformlega breytingu á því skipulagi samhliða deiliskipulagsgerðinni fyrir garðinn í Brimnesi. Skipulagssvæðið er nyrst í núverandi byggðamynstri og liggur á mörkum núverandi íbúðarsvæðis og athafnasvæða. Stutt er í náttúruleg útvistarsvæði og græn svæði innan þéttbýlis.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur að áður en deiliskipulag er afgreitt skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafa farið fram á vettvangi. Til er fornleifaskráning fyrir sveitarfélagið, sjá Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sædis Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. 2006. *Fornleifaskráning í Ólafsfirði*. Fornleifastofnun Íslands ses. Sú skráning gefur ágæta mynd af fjölda minja, en uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu. Uppfæra þarf skráninguna áður en deiliskipulagið kemur inn til umsagnar, eins og segir á bls. 4 í skipulagslýsingunni. Í kjölfarið getur Minjastofnun tekið afstöðu til þess hvort menningarminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að vekja athygli á því að skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið á tilteknu svæði fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar auk þess sem sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslög skal standa straum af

kostnaði við skráninguna skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Engin hús eru á fyrirhuguðu skipulagssvæði og því þarf ekki að skrá hús og mannvirki innan þess.

Taka þarf tillit til minja ef þær finnast innan svæðisins við útfærslu skipulagsins auk þess sem fjalla þarf um þær og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð/umhverfisskýrslu. Útlínur sýnilegra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir